

um frv. til orkulaga.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í nefndinni vildu samþykkja frv. með lítils háttar breytingum, en fulltrúar Framsóknarflokksins vildu gera allmiklar breytingar á frumvarpinu. Eg er hins vegar andvígur þeirri meginstefnu, sem fram kemur í frumvarpinu, og legg því til, að frumvarpið verði fellt.

Í greinargerð frumvarpsins er frá því skýrt, að í skipunarbréfi þeirrar nefndar, sem fékk það verkefni að endurskoða raforkulögin frá 1946, hafi verið ákveðið af ráðherra, að hún ihugaði sérstaklega breytingar á lögum „í ljósi þeirrar stefnu, sem mörkuð hefur verið með setningu laga um Landsvirkjun“ varðandi raforkuvinnslu og raforkudreifingu. Síðar í greinargerð frv. er sagt, að aðalbreytingar, sem í frumvarpinu felist, séu þær, að afnuminn sé einkaréttur ríkisins til þess að reisa og reka raforkuver og að breyta starfsemi raforkumálaskrifstofunnar m. a. með því að skilja frá henni allan rekstur Rafmagnsveitna ríkisins.

Með raforkulögum frá 1946 var sú meginstefna mörkuð í raforkumálum Þjóðarinnar, að stefnt skyldi að því, að ríkið tæki sem mest í sínar hendur byggingu nýrra raforkuvera, lagningu aðalorkuveitulína og yfirstjórn rafmagnsmálanna í landinu. Með þeim lögum var að því stefnt að sameina sem mest raforkukerfin í landinu, þ. e. a. s. að tengja sem fyrst saman í eitt samfellt orkuveitusvæði landið allt. Slík samtenging hefur marga kosti þjóðhagslega séð og þann mestan, að með henni skapast möguleikar til stærri virkjunarframkvæmda og hagkvæmari en þegar um aðgreind minni orkuveitusvæði er að ræða. Erfitt er að vinna að slíkri samtengingu orkuveitusvæðanna, ef eigendur orkuveranna eru margir. Þá ber jafnan á sérhagsmunasjónarmiðum hvers eiganda um sig.

Með setningu laganna um Landsvirkjun var í veigamiklum atriðum horfið frá þeirri stefnu í raforkumálum, sem mótuð var með raforkulögum frá árinu 1946. Með lögum um Landsvirkjun var ákveðið að hefjast handa um stórvirkjun í þeirri stóra landsins, sem talin er hagstæðust til raforkuframleiðslu. Ef fylgt hefði verið stefnu raforkulaganna frá 1946, hefði ríkið átt að taka að sér virkjun Þjórsár og algera forustu í Landsvirkjunarstjórn. Frá þessari stefnu var vikið, eins og kunnugt er. Ríkið er að vísu meðeigandi að Þjórsárvirkjun, en aðeins að hálfu á móti Reykjavíkurborg.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir um orkumál, ber þess glögg merki, að stefna ríkisstjórnarinnar í raforkumálum er sú að draga úr forustu ríkisins í þessum málum. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að gerbreyta verksviði raforkumálaskrifstofunnar. Í stað stækkandi stofnunar, sem var ætlað það hlutverk að taka í vaxandi mæli að sér raforkuframleiðslu og raforkusölu og framkvæmdir í virkjunarmálum, á nú að breyta raforkumálaskrifstofunni í almenna rannsóknarstofnun, sem ekki á að hafa nein teljandi fjárráð.

Rafmagnsveitur ríkisins á að skilja frá raforkumálaskrifstofunni og embætti raforkumálastjóra. Er það í samræmi við þá meginstefnu frv. að dreifa og aðskilja orkuveitusvæðin og orkuframleiðendurnar í stað þess að vinna að sameiningu undir yfirstjórn ríkisins.

Það er skoðun mín, að brýn þörf sé á að koma upp sterkum ríkisrekstri á öllum þýðingarmestu þáttum raforkukerfisins í landinu. Sameign og samstarf ríkis og bæjar- og sveitarfélaga kemur þó til greina í vissum tilfellum og þó fyrst og fremst á því tímabili, sem verið er að breyta frá gamla rekstrarforminu. Hliðstæða stefnu í raforkumálum hafa flestar þjóðir Evrópu þegar tekið upp. En þrátt fyrir það virðist núverandi ríkisstjórn vera á þeirri skoðun, að hér á landi henti best að byggja upp mörg og aðgreind orkuveitusvæði með mörgum og smáum virkjunum. Augljóst er, að það, sem ræður þessari stefnu ríkisstjórnarinnar, er fjandskapur hennar við ríkisrekstur. Af þeim ástæðum flytur hún nú þetta frumvarp um sundurlímunu raforkumálaskrifstofunnar og fráhrarf frá þeirri stefnu í raforkumálum, sem mörkuð var með raforkulögum frá 1946.

Við Alþýðubandalagsmenn erum andvígir meginstefnu þessa frumvarps, og því legg ég til, að það verði fellt.

Alþingi, 15. marz 1967.

Lúðvík Jósefsson.